




Hringdi einhver í Draugabanana?



Margt fólk víða um heim trúir því að draugar séu til og segjast sumir meira að segja hafa séð drauga. Þú getur nú talið sjálfa(n) þig þeirra á meðal! Þessi draugalega mynd sýnir nefnilega massamikla stjörnu í framhaldslífi sínu. Segja mætti að hún sé „draugastjarna.“

Stór stjarna endar ævi sína þegar eldsneytið hennar er uppuríð. Á þeim tímamarki þjóta ytri lög hennar út í geiminn í gríðarmikilli sprengingu og kjarninn hrynur inn í sjálfan sig. Löggin sem þjóta burt mynda litrík og glæsileg skjú (eins og þetta) en það er í kjarnanum sem hlutirnir verða sérstaklega forvitnilegir. Þessi draugalega ljósmynd er einmitt af þéttum kjarna massamiklar stjörnu eftir að hún sprakk.

Á meðan ytri löggin skjótast burt fellur kjarninn saman. Efni sem dugir í sól eins og okkar (og fleiri) þjappast saman í svæði sem er minna en höfuðborgarsvæðið! Þá hefur kjarninn framhaldslíf sitt sem ný tegund stjörnu. Á myndinni hefur kjarninn endurfæðst sem „tífstjarna“. Það er stjarna sem snúst á ógnarhraða – jafnvel hraðar en þyrluspaðar! Þegar stjarnan snúst, gefur hún frá sér efnisstrók. Sérðu hvar hann liggur á ská upp á við á myndinni?

Smelltu hér til að sjá tífstjörnuna snúast!

COOL FACT

Tífstjörnur hafa einstaklega sterkt segulsvið. Ef þú stæðir á yfirborði tífstjörnu værirðu tveimur milljón milljarðs sinnum þyngri en á jörðinni!

